

The quest for sustainable Reykjavik Capital Region 2: mobility styles, residential location, and life satisfaction of young adults. Michal Czepkiewicz, Jukka Heinonen, Áróra Árnadóttir og Kamyar Hdanzadeh, Háskóli Íslands - (mars 2019).

Í þessu verkefni er meðal annars verið að skoða ferðavenjur ungs fólks í Reykjavík miðað við búsetu sem og samband ferðavenja og lífsviðhorfs auk losunar gróðurhúsalofttegunda. Gögnum var safnað meðal fólks á aldrinum 25 til 40 ára sem bjó í Reykjavík á árinu 2017 með svokallaðri „softGIS“ aðferð. Hluti svarenda voru svo spurðir ítarlegar á árunum 2018 og 2019.

Ýmsar niðurstöður koma út úr könnuninni. Meðal þess sem fram kemur er að flestir ferðast um í einkabíl (36%). 13% ferðast fótgangandi, 8% á reiðhjólum og sama hlutfall með strætó. Um fimmtungur svarenda ferðast á mismunandi vegu og 14% eru svokallaðir „non-commuters“, þ.e. þeir sem ekki skráðu ferð til vinnu eða náms.

Þá kemur fram meðal annars að þeir sem nota einkabílinn eru líklegri til að vera í fullri vinnu, hafa örlítið hærri laun og búa utan miðbæjarins, oft á svæðum þar sem lítið aðgengi er að almenningssamgöngum. Þeir sem velja mismunandi ferðamáta eru oftast í fullri vinnu en eiga börn. Hlutfallselega margir s.k. „non-commuters“ eru konur, eru með lægri tekjur og menntun og margir tala ekki íslensku. Þeir sem fara um fótgangandi búa oftast nær miðbænum og margir eru í barnlausum samböndum eða búa einir. Ferðist þú um á hjóli er líkleggra að þú sért karlmaður, með fulla vinnu eða í námi, einhleypur og talir íslensku. Einnig er líklegt að hjólreiðamenn búi nær miðbænum en aðrir.

Greint er frá mati á hlut mismunandi ferðamáta til árlegrar losunar gróðurhúsalofttegunda (CO₂). Það kemur fram að stærsti hluti þess hjá öllum aðilum í könnuninni er vegna ferða á milli landa. Annars er heildarhlutur þeirra sem ferðast í bíl hæstur, en lægstur er hlutur svo kallaðra „non-commuters“.

Afstaða fólks, sem ferðast á mismunandi hátt, til umhverfismála og lífsstíls er greind og sett fram í skýrslunni út frá svörum við ýmsum spurningum. Meðal annars kemur fram að þeir sem ferðast með strætó hafi áhyggjur af umhverfismálum og það sama gildir um s.k. „non-commuters“. Þeir sem ferðast með bíl hafa minni áhyggjur, en vita af vandamálinu.

Þegar kemur að lífsviðhorfi kemur fram að þeir sem ferðast á bílum eru ánægðastir með það hlutskipti en þeir sem fara með strætó eða ferðast lítið („non-commuters“) eru minnst ánægðir, sem gæti bent til að val þeirra á ferðamáta sé ekki fyllilega frjálst, en mótað af stöðu þeirra. Fótgangendur eru ánægðastir með lífið og hjólreiðamenn eru ánægðastir með heilsufar sitt. Athygli vekur að þeir sem ferðast á bílum telja sig hafa minni tíma en aðrir til að sinna hlutum sem þá langar til að gera.